



## Stjórn SSH 362. fundur

**Mánudaginn 2. maí** 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir formaður, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Guðrún Pálsdóttir og Guðný Ívarsdóttir, Dagur B. Eggertsson sat fundinn í stað borgarstjóra og Snorri Finnlaugsson mætti fyrir Pálma Mátsson, Guðjón Bragason sat fundinn undir 1.dagskrárlíð og Kristinn Tryggvi Gunnarsson og Ólafur Jóhannsson undir 2. dagskrárlíð.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga.

Guðjón Bragason fór yfir þá kafla frumvarps að nýjum sveitarstjórnarlögum sem snúa að samstarfi sveitarfélaga og rekstri byggðasamlaga. Þá gerði hann einnig grein fyrir mati á mögulegum kostnaðaráhrifum frumvarpsins fyrir sveitarfélögin.

Umræður

#### Niðurstaða.

Stjórnarmenn voru sammála um að vakta þarf frumvarpið m.t.t. þeirra vinnu sem nú er í gangi við móttöku framtíðarsýnar á samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og tryggja svo sem kostur er að ákvæði þess standi ekki í vegi fyrir að niðurstöður úr þeirri vinnu nái fram að ganga.

Guðjón Bragason bað þau bæjarfélög sem hafa samþykkt siðareglur að senda sér þau.

### 2. Framtíðarhópur SSH .

#### a) Tillaga að erindisbréfi fyrir rýnihóp v. svæðisskipulags

Samþykkt.

#### b) Stöðuyfirferð vegna yfirstandandi vinnu og verkefnaframunda.

Formaður framtíðarhópsins gerði grein fyrir stöðu verkefna sem eru í vinnslu, framvindu þeirra og áætlun um möguleg verklok. Fram kom að staða verkefna er almennt í samræmi við tímaáætlun.

Kristinn Tryggvi Gunnarsson og Ólafur Jóhannsson frá Expectus kynntu niðurstöðu úrvinnslu þeirra hugmynda sem fram komu á Hugmyndasmiðjunni og skiptingu þeirra í 20 sérgreind verkefni til úrvinnslu.

Farið var yfir þessi verkefni og þeim raðað í forgangs röð til frekari úrvinnslu.



**3. Skógræktarfélag Íslands og Græni stígurinn.**

Tekið fyrir að nýju erindi Skógræktarfélags Íslands sem frestað var á síðasta fundi varðandi samning milli SÍ og SSH f.h. aðildarsveitarfélaganna v. Græna stígsins

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn telur ekki tímabært að afgreiða erindið, en telur rétt að málið verði rætt frekar í haust.

**4. Skíðasvæðin og Bláfjöll**

**a) Erindi frá stjórn skíðasvæðanna með ársreikningi 2010 og ábendingu um að sveitarfélögin komi til móts við taprekstur.**

- Samþykkt að kalla til sérstaks fundar með Ómari Einarssyni, ÍTR vegna málsins.

**b) Niðurstaða úr verðkönnun v álags- og áhættumats á Bláfjallasvæðinu.**

Samþykkt að ganga til samninga við Mannvit ehf. á grundvelli innsendrar tillögu þeirra.

**5. Önnur mál**

Guðrún Pálsdóttir kynnti erindi frá Skotveiðifélagi Kópavogs vegna aðstöðu við Lyklafell

- Framkvæmdastjóra falið að skoða málið fyrir næsta stjórnarfund.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55